

Örorkumat og starfsendurhæfing, - hvaða vanda á að leysa og hvernig?

Helgi Jóhann Hauksson
á aðalstjórnarfundum ÖBÍ 27. Mars 2008 

Hver er vandinn?

1. „Vaxandi örorkubyrðing lífeyrissjóðanna“
 2. „Óeðlileg fjölgun öryrkja“
- Er hann sá sem hann er sagður vera?
 - Ef svo er hverjar eru þá orsakir hans?
 - Á hvaða sviði verður hann leystur?

Þrjú aðskilin svið

- Mælitæki þ.e. matsaðferðir t.d. ororkumat
- Kerfi um bjargir til að lifa og virka,
þ.e. opinbert bóta og stuðningskerfi
- Uppbygginga- og endurhæfingakerfi þar á meðal starfsendurhæfing

Tillögurnar gera í reynd ráð fyrir þremur matsferlum

- Örorkumat verður (starfs-)færnimat
- Stöðumat á þ.e. mat á „aðstöðu“ og þörf fyrir stoðtæki og þjónustu. Það er nú í brotum víða, - en ekki hjá tryggingalækni og er því ekki í örorkumatinu nú fremur en eftir breytingar.
- Einnig á að fara fram einhverskonar mat á þörf fyrir og not af starfsendurhæfingu.

Til að leysa vanda

- Þarf að greina hann rétt
- Staðsetja hann rétt
- Og leysa hann á því sviði þar sem vandinn er.

Mikilvægt að greina hvar vandinn er

- Greina verður á hvaða sviði hver sá vandi er sem á að leysa.
- Vanda bótakerfisins leysum við ekki með breyttu mælitæki - nýju mati.
- Skort á uppbyggingarúrræðum leysum við ekki með breyttu framfærslukerfi.
- Minna umburðarlyndi vinnumarkaðar leysum við ekki með því að neita öryrkjum um bætur.
- Heilsu og starfsorku aukum við ekki með viðvarandi óvissu öryrkja um síbreytilegt mat í viðvarandi endurskoðun og ófyrirsjáanlegri óvissu.

Þegar lífasafkoma og öryggi fólks er í húfi verður að hafa í huga:

- að lífasafkoma þeirra sem síst þola frekari áföll og fjölskylda þeirra sé ekki steypt í óvissu og fólkið gert að tilraunadýrum illa grundaðra hugmynda.
- að vandi sem á að leysa sé vel skilgreindur og ekki sé gripið til afdrifaríkari úrræða en þeirra sem best leysa hann.
- að baki lausna búi ýtarlegar rannsóknir og greining á reynslu okkar og annarra þjóða og afleiðingar teljist þannig fyrirsjánlegar.
- Norðmenn taka sér mörg ár til rannsókna fyrir og eftir breytingar sem staðið hafa yfir hjá þeim.

Fjölgun öryrkja - ólík sjónarhorn

- Skerum við okkur úr sambærilegum ríkjum hvað fjölda öryrkja varðar?
- Í OECD telja 15-17% fólks sig sjálft vera með skerta starfsorku vegn fötlunar og/eða langvinnra sjúkdóma, - en 6-13 % njóta bóta á hverjum tíma í harla ólíkum kerfum.
- Víðast komast öryrkjar á snemmtekin eftirlaun 55 ára - en ekki hér.

Erum við ólík OECD löndunum?

- Fjölgun öryrkja varð hér 10 árum seinna en í öðrum OECD ríkjum - en fer ekki framúr þeim
- Við höfum verið undir OECD meðaltali
- OECD: 15-17% telja sig sjálfa búa við örorku og þriðjungur þeirra verulega
- Almenn atvinnuþátttaka er hér mikil
- Atvinnuþátttaka kvenna er verulega meiri hér en annarsstaðar
- Mikill innflutningur ódýrara vinnuafls

Fjöldi öryrkja á Íslandi


- Ólík tímabil gefa harla ólíka mynd
- 1962: 4.7% fólks á vinnualdri (16-66)
- 1976: 5.1%
- 1986: 3.7 %
- 1996: 5.7%
- 2007: ~7.0%

Á tímabilinu hefur atvinnuþátttka kvenna aukist mikið

Mögulegir orsakavaldar fjölgunar

- Gallað eða lélegt mælitæki (mat) til að mæla örorku
- Bótakerfið freistar og gerir of vel við fólk
- Fullhraust fólk sem ekki nennir að vinna
- Öryrkjar og aðstandendur meðvitaðri um rétt sinn
- Almennar samfélagsbreytingar
- Breytingar á atvinnuástandi
- Breytingar á vinnustaðamóral
- Harðara samkeppnisumhverfi og breyttar kröfur atvinnurekenda

Mat - mælitæki



- Úrræði geta verið sveigjanleg en mælitæki ekki. Það má heldur ekki ætla mælitæki meiri nákvæmni en það rís undir.
- Sá sem á bara tvennskona fatnað sólbaðsföt og heimskautabúning og lætur hitamælinn ráða í hvorn hann fer getur ekki kennt hitamælinum um að stundum virðist hvorugt úrræðið henta.
- Alvöru hitamælir er staðlaður og mælir alltaf sama varma eins.

Freista örorkubæturnar?

- Stefán Ólafsson sýnir skýrt fram á að þegar öryrkjum fjölgaði mest drógust á sama tíma tekjur þeirra aftur úr vinnumarkaðstekjum sambærilegra hópa.
- Árið 2005 voru tekjur öryrkja helmingi minni en þeirra sem voru á vinnumarkaði.
- „Gróði“ af því að fara á bætur getur því ekki skýrt fjölgun öryrkja
- Raunverulegar lausnir geta því heldur ekki byggjst á því að þar sé orsök.

Örorka og atvinnuleysi

- Sagt er að fullhraust fólk sem gæti vel unnið „velji“ örorku ...?
- Stjórnvöld kenndu forðum „leti“ um atvinnuleysi og örbyrgð.
- Fyrr á öldum var atvinnulausum, sjúkum og fötluðum refsað grimmilega fyrir „iðjuleysið“ m.a. safnað saman í fangabúðir - allt var reynt ...
- ... en „letin“ hvarf svo skyndilega með uppsveiflum í atvinnulífinu.

Atvinnulífið spyr umsækendur um störf:

„Á umsækjandi við
einhver veikindi að
stríða sem geta haft
áhrif á vinnu?“

Sá sem játar því fær vart
viðtal til að kynna sig
betur.

emmessis **ÍSÞÚÐIN** ALFHEIMUM **Jógúrt ÍS**
> Ísseeillinn <

Saga Ísbúðarinnar | Ístíloð | Atvinnuumsókn

Fullt nafn: Kennitala:

Heimilisfang: Póstnúmer: Sveitarfélag:

Heimasími: Vinnusími: GSM sími: Netfang:

Reykir þú?
 Já: Nei:

Sótt er um starf
 Fullt starf Kvöld og helgar Sumarvinnu Afgreiðslu Grill

Fyrri störf:
Vinnuveitandi: Tímabil: (ár & mán): Hætti vegna: Meðmælandi: Sími:

Hefur umsækjandi reynslu af afgreiðslustörfum (Ef já - Hvar og hve lengi?)

Hvenær getur umsækjandi hafið störf?

Hefur umsækjandi hreint sakavottorð?

Á umsækjandi við einhvers konar veikindi að stríða sem geta haft áhrif á vinnu?

Hefur umsækjandi umráð yfir bíl til að komast í og úr vinnu?

Er umsækjandi í skóla? (Ef já - hvaða og á hvaða ári?)

Afhverju vilt þú starfa hjá Ísbúðin Álfheimum?

Af hverju ætti Ísbúðin Álfheimum að ráða þig til starfa?

UMSÆKJENDUR ATH!
Ísbúðin Álfheimum er framsækið fyrirtæki sem leitar einungis eftir duglegu, atorkusömu og hressu starfsfólki sem leggur metnað í sína vinnu. Fyrirtækið leggur mikið uppúr því að viðhalda og byggja upp góðan starfsmannahóp og gerir vel við þá starfsmenn sem skara framúr í starfi.

Staðfesta texta: Þú verður að fylla út þennan hluta

Skráðu inn textann sem þú sérð á myndinni að neðan.
Þetta er gert til að tryggja öryggi póstsins. **Smeltu hér** til að fá upp aðra mynd.

6 6 Q E Y

Senda

Atvinnulífið:

„Flogaveikum hafnað á íslenskum vinnumarkaði“

Hvernig tekur vinnumarkaðurinn á móti öðrum hópum fólks með fötlun og langvinna sjúkdóma?

Flogaveikum hafnað á íslenskum vinnumarkaði

MEIRIHLUTI flogaveikra hefur misst vinnu eða verið neitað um vinnu vegna sjúkdóms síns. Þeir sem segja frá sjúkdómnum í at-



Lára Guðrún Sigurðardóttir

vinnuviðtali fá síður vinnu en hinir sem halda honum leyndum. Þetta er m.a. niðurstaða rannsóknar sem Lára G. Sigurðardóttir lækni gerði árið 1999 á stöðu flogaveikra á íslenskum vinnumarkaði. Hún telur ástandið ekki hafa breyst og segir það hafa komið sér á óvart hve fordómar í garð flogaveikra eru algengir á vinnumark-

aði og hve þekking vinnuveitenda á sjúkdómnum er takmörkuð.

Í rannsókninni ræddi Lára við fjórtán flogaveika einstaklinga og forsvarsmenn fimmtán stórra fyrirtækja þar sem finna mátti störf sem gætu hentað flogaveikum. Viðhorf vinnuveitenda í garð flogaveikra var yfirleitt jákvætt, enginn sagðist hafa á móti því að ráða flogaveikan einstakling. „Það er greinilegt misræmi á milli jákvæðs viðhorfs vinnuveitenda og erfiðleika flogaveikra á vinnumarkaðnum,“ segir Lára.

Lára valdi viðmælendur úr hópi flogaveikra sem uppfylltu skilyrði um tíðni og stærð floga, svöruðu illa lyfjamedferð en voru ekki fatlaðir að öðru leyti. „Þetta eru allt einstaklingar sem ættu að öllu óbreyttu að vera vinnufærir,“ segir Lára og bendir á að menntun þeirra hafi verið nokkuð góð.

En raunveruleikinn var þó sá að nú þeirra voru ekki í vinnu þó að sex þeirra hefðu kosið það. Flestir höfðu þeir gefist upp á að leita og voru komnir á örorkubætur. Aðeins einn viðmælandi var óvinnufær vegna flogaveikinnar. Af þátttakendum voru þrír sem gátu auðveldlega unnið fullt starf en enginn þeirra var í vinnu.

Aðeins einn hafði ekki fundið fyrir mismunun á vinnumarkaði vegna sjúkdómsins en sá hafði verið lengi á sama vinnustað þegar hann greindist.

Að segja vinnuveitenda frá flogaveiki eykur líkur á að fá ekki starfið samkvæmt rannsókn Láru. Öllum sem sögðu frá því í vinnuviðtali að þeir væru flogaveikir hafði einhverntíman verið neitað um vinnu. Hins vegar hafði þeim sem ekki sögðu frá sjúkdómnum aldrei verið neitað.

Allir sem höfðu fengið flog á vinnustað höfðu upplifað hræðslu meðal vinnufélaga. „Þetta bendir til þess að þekkingarleysið er töluvert,“ segir Lára.

Sá hluti rannsóknarinnar sem sneri að vinnuveitendum sannaði það. Þekking þeirra á flogaveiki var lítil, þeir héldu almennt að flogaveiki einkenndist af miklum krömpum og froðu sem kæmi frá munni. Engu að síður töldu ellefu þeirra að hægt væri að meðhöndla flogaveiki þannig að engin vandamál sköpuðust í vinnu og töldu flogaveika ekki síður hæfa til vinnu en aðra sjúklingahópa.

Enn miklir fordómar í samfélaginu

„Mín upplifun var sú að enn væru margir mjög hræddir við flogaveiki og hefðu litla sem enga þekkingu á sjúkdómnum,“ segir Lára. „Mér kom það á óvart hversu miklu það virtist breyta að segja vinnuveitenda frá flogaveikinni í vinnuviðtali. Fordómar vegna flogaveiki eru því augljóslega enn mjög miklir í samfélaginu. Það er greinileg þörf á því að fræða almenning og vinnuveitendur um þau margbreytilegu einkenni sem flogaveiki getur haft. Samhliða því ætti hræðslan að minnka.“

Hún segir það sláandi hversu erfitt flogaveikir eigi uppdráttar á vinnumarkaði. „Þeir upplifðu sig sem heilbrigða og að þeir gætu vel stundað vinnu. Af þessum sökum er þessi staða þeirra sérstaklega dapurleg,“ segir Lára.

Aðstoð við fólk í atvinnuleit og aðstoð við langveika og fatlaða

- Hversu skyld eru þessi viðfangsefni?
- Hversu réttlætanlegt að steypa þeim saman?
- Öryrkjar er sundurleitur hópur með margvíslegar þarfir en með langvinnt ástand.
- Þegar „bráður bati vofir yfir“ einstaklingi er það ekki endilega viðfangsefni fyrir stuðnigs- og bótakerfi langveikra og fatlaðra - þ.e. örorkubótakerfið.
- Sjúkra- og slysaréttur hjá vinnuvetianda, dagpeningakerfi og endurhæfingarörorka er ætlað þeim, - það þarf að efla.

Atvinnuleysisbætur til öryrkja og símat á örorku - er það hjálp?

- Þær hugmyndir sem nú eru á borðum gera ráð fyrir að í stað örorkumats langveikra og fatlaðra á nokkurra ára fresti, og tengjutengdra bóta komi:
- a) einskonar símat sem byggir á „færni“ til tekjuöflunar (samkv greinagerð nefndarinnar),
- b) mat sem breytist sífelld (endurmat á 1-12 mánað fresti) ef tekjumöguleikar/færni breytast.
- Margir við fulla heilsu eru þó ekkert mjög „færir“,
- og margir öryrkjar eru mjög færir en fá ekki að njóta hæfileika sinna og fá ekki hlutverk og störf við hæfi.

Úrskurðað um rétt til stuðnings

- Í raun hefur kerfið aðeins úrskurðað hvort einstaklingur uppfylli skilyrði fyrir stuðningi kerfisins eða ekki. – Af eða á.
- Það er í sjálfu sér hvorki slæmt eða gott.
- Tekjutengingin hefur séð til þess að stilla bótakerfið af.
- Aðeins um 5% öryrkja hefur mikla atvinnuþátttöku.
- Tekjutengingin er of mikil, en er betra að hún komi fram í matinu sjálfu, grunnréttinum þ.e. örorkumatinu sem á að verða síbreytilegt eftir tekjumöguleikum.
- Hvert er raunverulega stefnt nú?
- Á að synja miklu fleirum en nú er um stuðning?
- Á að svelta hóp öryrkja til annarra bjarga – hverra?

Halda má fram að:

- samfélagið þurfi endurhæfingu en fólk með fötlun og langvinna sjúkdóma þurfi réttlát **tækifæri** til þess að sjálft að stýra uppbyggingu eigin lífs.
- ef samfélagið tekur „eðlilega“ á móti fólk með skerta starfsorku, opnar því dyr og fjarlægir þörskulda til tækifæra, þátttöku og uppbyggingar munu flestir nýta það til fulls.

Vandamálið er samfélagið og atvinnulífið en ekki öryrkjarnir

- Meint „leti“ hefur ávallt runnið af fjöldanum með bættu atvinnuástandi (tækifærum) og ágerst á ný þegar efnahagsástandið versnar.
- Nýjar rannsóknir Sigurðar Th. sýna enn á ný tengsl fjölgunar lífeyrisþega við atvinnuástandið.
- Margir undruðust hversvegna dróg ekki meira úr fjölgun öryrkja síðustu ár.
- Atvinnuveitendur eiga nú nýtt val - þ.e. að ráða útlendinga ferkar en þá sem gætu verið „veikir“.

Mismundandi mannskilningur

- Maðurinn í eðli sínu illur, ágjarn, latur og óheiðarlegur - það þarf sterkt agavald og refsingar til að hafa taumhald á honum.
- Maðurinn er í eðli sínu góður, iðinn og heiðarlegur og hann þarf aðeins **tækifæri** til að njóta sín og fá að finna til nytsemdar sinnar.

„Þjónustufulltrúar“ sem m.a. eiga að vera í af 3ja manna teymi sem metur örorku:

„Ekki er gerð krafa um ákveðna háskólamenntun þjónustufulltrúa en þeir þurfa að sækja námskeið til að læra á kerfið. Hugsanlega mætti búa til sérstaka námsbraut fyrir þjónustufulltrúa sem tæki í mesta lagi hálf t. ár. Ekki má gera of miklar menntunarkröfur til þjónustufulltrúa því þá verður kerfið of dýrt og þungt í vöfum og væntanlega skortur á þjónustufulltrúum.“

Skv. samantekt nefndar forsætisráðherra.

Hugtök

- Mælitæki - mat
- Sveiganlegt mat ?
- Tekjutenging
- Úrræði - bótakerfi
- Stöðumat - staða
- Starfsfærnimat – starfsfærni
- Örorka – Öryrki
- Starfsendurhæfing - endurhæfing
- Teymi
- Persónuvernd
- Sjálfstæði - valdefling